

22. apríl 1980.

345

Nr. 221.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 107 1. febrúar 1980
um aldurslagatryggingu vegna úreltra og óhagkvæmra fiskiskipa.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sérstök stjórn skal úthluta fé úr sjóðnum. Stjórnina skipa þrír af stjórnarmönnum Samábyrgðarinnar, sem stjórn hennar tilnefni, og að auki fjórir menn, sem sjávarútvegsráðherra skipar. Þrír þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Fiskveiðasjóður Íslands.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Sjómannasamband Íslands.

Fjórða maðinn skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður sjóðsstjórnar.

Ráðherra skipar þessa fjóra fulltrúa samtímis því að skipað er í stjórn Samábyrgðarinnar, fyrsta sinni eftir setningu þessarar reglugerðar, og skal skipunartími þeirra jafnan vera hinn sami og skipunartími stjórnarmanna Samábyrgðarinnar.

Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins skal greiddur af aflafé hans, þ. á m. kostnaður, sem Samábyrgðin greiðir vegna starfsemi hans.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 5 13. febrúar 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum samanber lög nr. 2 1. febrúar 1980 til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. apríl 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Ingimar Einarsson.